


Samvinna um heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna á Suðurnesjum



12. nóvember 2020 frá kl. 13.00 –
16.15

Samráðs-fjarfundur á vegum
Suðurnesjavettvangs.





17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.



Sameinuðu
þjóðirnar

Ríkið

Sveitarfélög

Fyrirtæki

Skilyrði fyrir árangursríkri vegferð – Upprifjun

Niðurstaða eftir fyrsta umræðufund – texti sem tekinn er beint frá aðilum verkefnisins

SAMEIGINLEG GRUNNGILDI

- Saman í þessari vegferð. Hreinskilni og traust á milli aðila og traust samfélagsins.
- Heiðarleiki og hvar þú ert ekki að standa þig.
- Sjálfbærni þarf að vera sterkt í gegnum allt.
- Samvinna, virðing, heiðarleiki
- Víðsýni - fjölbreytileiki og að fókusera á það sem við höfum. Víðsýni að koma að þessu með opnum hug og hafa auðmýkt fyrir verkefninu.

SKÝR SÝN OG MARKMIÐ

- Hver eru markmiðin í þessu skrefi. Gott að hafa langtímasýn og klippa svo niður.
- Að við séum með sameiginlega framtíðarsýn og markmið og mælikvarðar. Verður hægt að breyta ef umhverfið breytist.
- Betra og bætt samfélag í heild, þótt þetta séu 4 sveitarfélög.
- Íbúavinkill þá er mikilvægt að allir hóparnir geti tengt sig við þetta. Hvernig getum við gert það þannig að öllum finnst þeir eiga hlut í verkefninu.

SAMTAL OG SAMVINNA

- Hver aðili með aðgerðaráætlun en deila því til að við getum labbað í takt.
- Þarf að vera fólk sem brennur fyrir verkefninu.
- Fulltrúar fyrirtækis og fulltrúar íbúa - íbúarnir sjálfir? Hvernig koma þeir inn?
- Bera saman bækur sínar, samráðsvettvangur.
- Skilgreina vettvanginn, taka áherslurnar, og allir séu sammála um hvaða áherslur sé stefnt að.

GEGNSÆI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

- Í raun í stefnumótun fyrir svæðið í heild - afurðin ætti að vera heildarplan útfært í tímasett verkefni en alltaf að hugsa svæðið í heild.
- Þarf að vera aðgengilegt öllum og sýnilegt.
- Hvernig er árangurinn mældur, hver og einn eða allir saman.
- Vinnuplagg sem auðvelt er að vinna eftir og kynnt vel svo almenningur og fyrirtæki geti haft greiðan aðgang að þessu og þeir hópar geti unnið að þessu.

Stefnuramma frá umræðum og Heimsmarkmiðin

Vegferð til
velsældar

SÝN

GRUNNSTOÐIR

ÁRANGURSVÍSAR

HEIMSMARKMIÐ SP

**BLÓMLEGT OG
FJÖLBREYTT
ATVINNULÍF**

Tengdir heimsmarkmiðum



- Góð atvinna og hagvöxtur
- Nýsköpun og uppbygging
- Ábyrg neysla og framleiðsla

**SJÁLFBÆRT OG
AÐLAÐANDI
SAMFÉLAG**

Tengdir heimsmarkmiðum



- Líf í vatni
- Aðgerðir í loftslagsmálum
- Líf á landi

**TRAUSTIR OG
HAGKVÆMIR
INNVIÐIR**

Tengdir heimsmarkmiðum



- Sjálfbær orka
- Hreint vatn og hreinlætisaðstaða
- Sjálfbærar borgir og samfélög

**VEL MENNTAÐ OG
HEILBRIGT
SAMFÉLAG**

Tengdir heimsmarkmiðum



- Menntun fyrir alla
- Heilsa og vellíðan
- Engin fátækt

Bakhjarlar

Stýrihópur
Skipulagshópur

Öflugt
Atvinnulíf



Sjálfbært og
aðlaðandi
samfélag




Traustir og
hagkvæmir
innviðir



Vel menntað og
heilbrigt
samfélag





Sjálfbært og aðlaðandi samfélag

- **13.1** Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.
- **13.2** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- **13.3** Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.
- **14.1** Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.
- **14.2** Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.
- **15.1** Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.
- **15.2** Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- **15.5** Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.
- **15.8** Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.



- **Umræða í „Sjálfbært og aðlaðandi samfélag“**
- Mest rætt um loftslagmál – mikilvægi hringrásarhagkerfisins.
- Sorpmálin, umræða um Kölku og möguleikar á rafmagnsframleiðslu, plastumræða um endurnýtingu og að plastið sé vannýtt. Flokka sorp.
- Fjölorkustöðvar, lífrænn úrgangur, moltuvinnsla.
- Kolefnisútblástur og mikilvægi þess að byrja að mæla kolefnisfótsporið á svæðinu svo það sé hægt að setja markmið um að draga úr losun. Fyrirtækin og sveitarfélögin vinna saman kolefnisbókhald og gera sameiginlegan sáttmála og markmið.
- Áhrif á innviði og landið sjálft vegna loftslagsbreytinga.
- Auka skógrækt
- Landrof – Sjóvarnir. Flóð eru algengari á landi nú en áður. Öryggi á hreinu vatni. Skólpumræða.


8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf

- **12.3** Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.
- **12.5** Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
- **12.7** Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- **12.8** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.
- **8.2** Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
- **8.4** Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.
- **8.8** Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkafólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óruggu starfi.
- **8.9** Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- **9.1** Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- **9.3** Aukið verði aðgengi lítilla iðnfyrirtækja og annars konar fyrirtækja, einkum í þróunarlöndum, að fjármálaþjónustu, meðal annars að hagstæðum lánum. Einnig verði þáttur þeirra í verðmætakeðjum og á mörkuðum aukinn.
- **9.4** Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.
- **9.5** Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.



- **Umræða í „Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf“**
- Rætt um atvinnuuppbyggingu á vegum Kadeco.
- Ábyrg innkaup, draga úr sóun og mikilvægi þess að innleiða hringrásarhagkerfi fyrir svæðið í heild.
- Græna orku og hugmyndir um Eco-Industrial Park.
- Markmið um vistvænar samgöngur, express línu frá flugvellinum og tengingu við Borgarlínuna.
- Sorpbrennslustöð sem framleiðir rafmagn. Möguleika fyrir vetni, metan ofl.
- Fleiri tækifæri í atvinnutækifærum koma einnig fram í öðrum flokkum.

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA



7 SJÁLFBÆR ORKA



Traustir og hagkvæmir innviðir

- **6.1** Eigi síðar en árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði hvar sem er í heiminum.
- **6.2** Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan 126 aðgang að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu og enginn þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.
- **6.3** Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- **7.1** Eigi síðar en árið 2030 verði nútímaleg og áreiðanleg orkubjónusta í boði alls staðar í heiminum á viðráðanlegu verði.
- **7.2** Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.
- **7.3** Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.
- **11.1** Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.
- **11.2** Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, baörnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- **11.6** Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- **11.7** Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

• Umræða í „Traustir og hagkvæmir innviðir“



- Húsnæðismálin rædd, græn svæði og umhverfi sem hvetur til hreifingar. Draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum.
- Orkuskiptin, draga úr notkun jarðefnaeldsneyti. Salernisaðstöða fyrir ferðamenn. Eitt vatnsból á Suðurnesjum, skoðun á nýju vatnsbóli, skólphreinsun, fjárfrekar framkvæmdir.
Auka hlutfall endurnýjanlegrar orku. Bæta orkunýtinguna. Umhverfisvænni samgöngumáta.
- Vatnsmál og drykkjarvatn er stórt mál. Plastagnir fundust í drykkjarvatninu.
- Gestir á fundinum Samorka og Sambandið. McKinsey segir að það þurfi „eitthvað nýtt“ – „eitthvað annað“. Mesta orka sem við notum er heitt vatn. Aðgerðir í loftslagsmálum knýja á um orkuskipti. Rafvæðing – Vetrissamfélagið – Rafeldsneytis leiðin – Blönduð leið. Til að uppfylla Parísarsamninginn þarf 300MW Fullorkuskipti Bílar 600MW.
- Fullorkuskipti Bílar skip og flugvélar innan lands.
- Djúpbörðun á Reykjanesi. Bloomberg segir að vetnið sé heitasti vettvangurinn fyrir nýja orku. Asíu bílafyrirtækin eru á því að vetnið verði málið. Vetrissbílar þegar í boði.
- Haftengt starfsemi. Samorka er að fara í sérstaka greiningu á að rannsaka eldsneyti sem mengar minna en venjulegt jarðefnaeldsneyti. Carbon fuels (natural gas) Biofuel, Zero
- Tækifæri í fluginu mikil. Það er verið að kynna rafknúna vetrissvél. Flugið mun koma inn. Verður Keflavík alþjóðleg hleðslustöð.
- Græn framtíð – Endalaus tækifæri fyrir þá sem hafa græna orku og sýn fyrir sjálfbæra framtíð. Það hafa verið erlendar heimsóknir um hvort grænt vetni getur verið framleitt. Ísland er 85% græn. Evrópa er 15% græn. Mikil tækifæri. Við þurfum að hugsa um hringrásartækifærið.
- Kynntu „verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum“: Þar á meðal „losunarreikni“ sem er hjálpartæki fyrir sveitarfélög til að halda utan um heildarlosunarmagn í rekstri sveitarfélaga.



Vel menntað og heilbrigt samfélag

- 1.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi sárri fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 bandaríkjadöllum á dag til að framfleyta sér.
- 1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.
- 3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- 3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggð almenn fræðsla um kynheilbrigði, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, til fróðleiks og menntunar, og tryggt verði að æxlunarheilbrigði verði felld inn í landsáætlanir.
- 3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bólu efni á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- 4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.
- 4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi talnaskilning.
- 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- 4.C Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.



- **Umræða í „Vel menntað og heilbrigt samfélag“**
- Kennsla í sjálfbærni og auka vitund um umhverfismál. Sjálfbærnishugsun í grunnskólum, mennta börn í hringrásarhugsuninni. Tillaga um „Alþjóðlegan umhverfisháskóla“, Keilir tengist háskólahugmyndinni. Rannsóknir og nýsköpun samofið háskólaumhverfinu. Mikið af reynslu á svæðinu varðandi alþjóðlegt samstarf. Nýta þarf nálægð við flugvöllinn.
- Lýðheilsan er að fá byr undir báða vængi á svæðinu og í sóknaráætlun.
- Tengja saman aðila að þessu samstarfi með göngum og hjólastíga. Þ.e tengja hjóla og göngustíga frá öllum sveitarfélögum og við flugstöðina.
- Fjölmennning. Íslenskukennsla og slíkir hlutir. Lýðheilsa/Geðheilsa. Forvarnir og vellíðan. Fjölbreytni, aðgengismál fyrir fatlaða. Fátækt og skipulagsmál, húsnæðisstefna.
- Gestur: Karl frá Resource. Það þarf betri skóla á Íslandi í umhverfisfræðum – ekki endilega umhverfisverkfræðinga. Í Danmörku er mikil tenging við atvinnulífið í þessum geira. Vantar mikið upp á á Íslandi. Ísland ætti að vera leiðandi í að mennta fólk í umhverfisfræðum. Hér á staðurinn að vera til læra um umhverfismál, Geopark, orkan. Það þarf að taka skrefið. Auka atvinnumöguleikana. Í takt við það sem er að gerast. Tækifæri á Suðurnesjum og kjörið að nýta sérstöðu svæðisins.

Boðsbréf frá Bakhjörllum



KADECO



ISAVIA



4. nóvember 2020

Sjálfbær framtíð Suðurnesja

Þú hefur verið valinn til þátttöku á umræðufundi um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna til eflingar samfélagsins á Suðurnesjum.

Síðustu mánuði hefur verið í gangi samstarfsverkefni sem hefur fengið heitið „Suðurnesjavettvangur.“ Öll sveitarfélögin fjögur, Isavia, Kadeco og SSS hafa tekið þátt í þessari vinnu, þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið leiðarljós.

Í sameiningu ætlum við að snúa vörn í sókn á Suðurnesjum, efla atvinnulíf og styrkja innviði svæðisins og bjóðum við þér að taka þátt í rafrænum fundi **fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13.00**. Yfirskriftin er **Sjálfbær framtíð Suðurnesja**.

Við væntum mikils af þessu verkefni og viljum njóta þinnar þekkingar, reynslu og tengsla á Suðurnesjum.

Helstu stefnumið og áherslur verkefnisins eru:

- 1) Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf
- 2) Sjálfbært og aðlaðandi samfélag
- 3) Traustir og hagkvæmir innviðir
- 4) Vel menntað og heilbriggt samfélag

Við vonum að þú sjáir þér fært að vera með okkur í þessari vegferð. Nánari upplýsingar um dagskrá fundarins verða sendar út á næstu dögum.

Hægt er að skrá sig hér með rafrænum hætti á fundinn.

Virðingarfyllt,

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum

Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia

Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastj. Kadeco

Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastj. SSS

Ásgeir Eiríksson
Fannar Jónasson
Kjartan Már Kjartansson
Magnús Stefánsson
Sveinbjörn Indriðason
Pálmi Freyr Randversson
Berglind Kristinsdóttir

1. hluti - Sameiginlegur fundur

Skiptist í 3 hluta DRÖG



1. hluti Sameiginlegur fundur (13-13.25)

2. hluti Hópavinna (13.30-14.55)

3. hluti Sameiginleg fundarlok (15-16.15)

Hlutverk:

Fundarstjóri: *Hrönn Ingólfisdóttir*

Meðstjórnandi:

13:00 Velkomin til leiks. –

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia (tekið upp fyrirfram)

Sigurður Ingi Jóhannsson, Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra (tekið upp)

13:15 Rifjar upp ferlið stuttlega. Meginmarkmiðin. Hver er tenging við Heimsmarkmiðin?

Farið yfir dagskrána og hvaðan þátttakendur koma (ekki nöfn)

13:25 Ítrekar flæðið á fundinum. Útskýrt að um verði að ræða 4 aðalhópar sem hver tekur eina stoð í verkefninu. Meginverkefni dagsins er að ræða það smærri hópum

2. hluti - Hópavinna

	Lóðs	Tæknistjórn / Admin
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Bjarni Snæbjörn Jónsson	?
Vel menntað og heilbrigt samfélag	Halldóra G. Jónsdóttir	?
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Theodóra S. Þorsteinsdóttir	?
Traustir og hagkvæmir innviðir	Hákon Gunnarsson	?

Hlutverk:

Fundarstjóri:

Tæknistjórn:

Málefnaþópar:

Hrönn Ingólfssdóttir

Þorvarður Goði Vilhjálmsson



Þátttakendur: - Allir sem hafa skráð sig í málefnaþópana.

13:30

Tæknistjórn færir þátttakendur í viðkomandi hópaherbergi

Lóðs býður alla velkomna. Kynnir sjálfan sig. Fyrirkomulag og húsreglur.

13:45

Fundarstjóri sendir spurningu dagsins á hvern hóp.

Lóðs leggur fram spurninguna og tryggir að allir skilji hvað við er átt. Fer vel yfir til hvers er ætlast og hvað á að leggja fram. Lagt er upp með að hópurinn leggi fram 3 lykilatriði sem heyra undir þennan málefnaþóp.

14:15

Lóðs skrifar upp á „whiteboard“ þau atriði sem koma fram. Eða annað sem sett verður upp.

Þátttakendur skoða helstu málaflokka og velta upp „stóru“ málunum.

14:25

Lóðs stillir upp verkefninu og setur í gang umræðu um út frá samantekt á öllum atriðunum sem koma fram

Þátttakendur freista þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um 3 atriði – í mesta lagi 5 mikilvægustu atriðin. Ef þörf krefur verður kosið

14:35

Lóðs setur fram spurninguna um hver stuðningur stjórnvalda þyrfti að vera. Stýrir umræðum og dregur saman aðalatriðin.

Þátttakendur ræða hvert áhersluatriði hvort og þá hvaða stuðningur er nauðsynlegur af hálfu ríkisins.

14:45

Lokasamantekt.

Lóðs skrifar upp drög að sameiginlegri niðurstöðu og sameiginlegu álit. Stuðningur við það sem koma skal.

Þátttakendur taka þátt í að móta framsetninguna á niðurstöðunum. Sett á staðlað form. Einn valinn úr hópnum til kynningar. Gæti verið lóðs.

14:55

Fundarhlé (Kannski brotið upp með 5 mín myndbandi viðtal við bæjarstjóra, Kadeco SSS.)

3. hluti Sameiginleg fundarlok (15 – 16.15) Opið streymi

Allir sem taka þátt í málefnaþópunum fjórum.

Ráðherrar/ Gestir:

Katrín Jakobsdóttir:

Forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson:

Fjármálaráðherra

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir:

Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Guðmundur Ingi Guðbrandsson:

Umhverfis- og auðlindaráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Ásta Bjarnadóttir:

Verkefnastjórn FOR um Heimsmarkmið



15:00 Velkomin til baka á þennan lokahluta fundarins

15:05 Fundarstjóri kynnir ráðherra/gesti til leiks.

15:10 Yfirferð á lokaniðurstöðum hópanna fjögurra. Hámark 4 mínútur á hvern. Stöðluð glæra (max 5 atriði). Lóðsar hópanna fjögurra fjalla um niðurstöður – eða aðrir sem valdir eru

15:30 Samantekt (T.d Mindmap eða álíka) Meðstjórnandi fer yfir meginatriðin sem fram komu. Hvernig niðurstöðurnar hanga saman. Útgangspunkturinn eru Heimsmarkmiðin.

3. hluti Sameiginleg fundarlok (15 – 16.15) Opið streymi

Ávörp ráðherra / gesta



15:40	Bjarni Benediktsson, Fjármálaráðherra
15:45	Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, Atvinnu- og nýsköpunarráðherra
15:50	Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Umhverfis- og auðlindaráðherra
15:55	Sigurður Ingi Jóhannsson, Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra
16:00	Ásta Bjarnadóttir, verkefnastjóri FOR um innleiðingu Heimsmarkmiða SP
16.05	Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra. Lokaorð og Hvatning
16:10	Undirritun yfirlýsingar bakhjarla um hröðun innleiðingar Hringrásarhagkerfisins á Suðurnesjum. (Isavia, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Vogar, Kadeco og SSS.)
16:15	Fundarslit



Hringrásarhagkerfið sett á oddinn



Sveitarfélög á Suðurnesjum, Isavia, Kadeco og SSS undirrita yfirlýsingu um að hraða innleiðingu hringrásahagkerfisins

- Að tilefni umræðufundar um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna til eflingar samfélagsins á Suðurnesjum og að teknu tilliti til þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað innan málefnaþópa um stefnumiðin þá er lagt til að bakhjarkar verkefnisins undirriti yfirlýsingu um að „Hraða innleiðingu hringrásahagkerfisins“.
- Í því felst að aðilar skuldbindi sig til þess að vinna áfram að aðgerðum til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Sameinist um aðgerðir gegn þeirri umhverfisvá sem plast í umhverfinu veldur, þ.e að dregið verði úr notkun plasts, aukin endurvinnsla plasts og aðgerðir gegn plastmengun í hafi. Einnig að ráðist verði í aðgerðir gegn matarsóun. Settur verði saman vinnuhópur til þess að vinna að framgangi verkefnisins.
- Við ætlum að snúa vörn í sókn á Suðurnesjum, efla atvinnulíf og styrkja innviði svæðisins. Öll sveitarfélögin fjögur, Isavia, Kadeco og SSS hafa tekið þátt í undirbúningi fyrir samráðsfundinn þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið leiðarljós.



Sjálfbær framtíð Suðurnesja

